



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 23. desember 2024

USK24100019

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fækkun bílastæða fyrir fatlað fólk

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 2. október 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hver er ástæða þess að stæðum fyrir fatlaða hefur fækkað svo mjög í miðborginni?

Er hugsunin sú að halda þessu áfram og loka alveg á fatlaða?

Eða er þetta tímabundið og við munum sjá fjölgun aftur?

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að úttekt verði gerð á hver fækkunin hefur verið og hvaða áform eru um áframhaldandi fækkun almennra og P-merktra stæða?

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Fatlað fólk er líka fólk og þau langar að komast um borginna án stórfelldra vandræða. Stæðum hefur fækkað tilf innanlega og stæðiskorthafar finna mikið fyrir því. Það er eitt að búa til hvata fyrir ófatlað fólk að nota aðra samgöngu möguleika en hreyfihamlað fólk þarf á einkabílnum að halda og það þarf að geta gengið að bílastæðum vísu. Fatlað fólk hefur ekki mætt miklum skilningi hjá borginni þegar þeir hafa mótmælt þessari þróun. Það er mikil þörf á að stæðiskorthafar geti tengst stafrænu korti þar sem P-stæði í borgarlandinu eru merkt inn, svipað og rafbílaeigendur geta tengst til að sjá næstu hleðslustöðvar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 9. október 2024.

Svar:

Ekki er hægt að taka undir það að stæðum fyrir hreyfihamlaða í miðborginni hafi fækkað og er það ekki stefna að fækka slíkum stæðum í miðborginni eða annars staðar í Reykjavík. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda og þróun stæða fyrir hreyfihamlaða í borginni. Á árinu 2024 hefur verið samþykkt að setja upp 8 ný almenn stæði fyrir hreyfihamlaða í borginni og árið 2023 voru þau 9 talsins. Á borgarvefsjá er hægt að sjá



Reykjavík



staðsetningu stæða fyrir hreyfihamlaðra í borginni með því að velja þekju sem kallast
Bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri